

NÁMSLÝSING

SMÍÐJA - MATUR

FRÁ HUGMYND TIL FRAMLEIÐSLU

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Matur – frá hugmynd að framleiðslu – í samræmi við námskrá Smiðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR ÞÁTTTAKANDA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldri með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólæiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2025

Gert af: Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

- Staðfestist af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða námskrár

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 2-1	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/ LEIÐBEINENDA	4
NÁMSPÆTTIR	5
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2 – 1.1 F-SMÍÐ 1 VA (27)	6
<i>Lýsing</i>	6
VERKLAG OG VINNUBRÖÐ 2 – 1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1)	7
<i>Lýsing</i>	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA, SMÍÐJA 2 – 1.3 F-SMÍÐ 1 PS (1)	8
<i>Lýsing</i>	8
VIÐAUKI.....	9

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni menntamálaráðuneytis og á vef FA.

Námskráin Smiðja lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 3 námsþætti. Megintilgangur með námi í Smiðju er að nemar kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Áhersla er á almenna starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Námið í Smiðju 2-1: **Matur – frá hugmynd til framleiðslu** er fyrir fólk sem hefur hug á að hefja framleiðslu á matvælum eða er að taka fyrstu skrefin við framleiðslu. Námið er einnig fyrir þau sem hafa hafið ferli vegna leyfisveitinga og eða eru að byggja upp vinnslurými.

Smiðja 2-1: **Matur – framleiðsla í smáum stíl** er sjálfstætt framhald af þessari smiðju. Meginmarkmið er að styðja við og efla þau sem vilja hefja eða eru þegar með framleiðslu í smáum stíl. Sjá nánar í þeirri námslýsingu.

Markmið verkefnisins og áherslur í **Matur – frá hugmynd til framleiðslu** er að miðla þekkingu, styðja við skilning þátttakenda á mikilvægi þess að fylgja ferlum, reglugerðum og öllum kröfum sem gerðar eru við framleiðslu matvæla. Hvort sem kröfur snúa að hreinlæti, framleiðslutækjum eða húsnæði við framleiðsluna. Með því fá nemar svo aukna fræðslu og þjálfun undir að stíga fyrstu skref eða hefja eigin framleiðslu á matvælum.

Nemar fá innsýn í helstu verkferla og verklega leiðsögn sem veitir þjálfun í að framfylgja ferlum og reglum. Fjallað er um gerð gæðahandbókar og hver nemi útbýr eigin gæðahandbók. Tekið er á heilnæmi í framleiðslu, nemar öðlast aukna þekkingu á starfsumhverfi matvælaframleiðslu sem ætlað er að vera eflandi til að bæta alltaf við sig þekkingu, leikni og hæfni sem krafist er í framleiðslu matvæla.

Markaðurinn í matvælaframleiðslu er greindur og þörf fyrir nýja vöru á markaði metin. Nemar heimsækja einhverja framleiðendur og fá dýpri innsýn í ólíkar útfærslur framleiðsluferla

Nemar vinna að þróun eigin hugmynda að vöru allan tímann og geta nýtt smiðjuna til að undirbúa framleiðslu. Í lokin skila nemendur lokaverkefni um eina vöru. Að loknu námi hefur nemi tileinkað sér færni til að hefja undirbúning að framleiðslu á matvöru til dreifingar.

Nemar tileinka sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrír námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi.

Við námslok er möguleiki á að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nemum, leiðbeinendum og fólki sem vill bjóða nám af þessu tagi.

Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið í tengslum við starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Inntökuskilyrði

Nemendur þurfa að hafa færni í íslensku sem samsvarar A.2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefnin sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í þrjá námsþætti.

Skipulag

Námið er kennt í fjarnámi ásamt staðalotum sem kenndar eru í vottuðu framleiðslurými. Verklegi þátturinn skiptist í þrjá hluta með verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð í náminu. Hæfniviðmið námsþátta eiga við skipulagt nám í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn leiðbeinanda og skulu henta fólki sem lærir með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum en undir eftirliti leiðbeinanda. Í verkefnavinnu vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu samþættir ef við á og tryggir rökréttu samfelli þeirra með leiðbeinanda. Fræðsluaðili/verkefnastjóri ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað, ef við á. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu sem alla jafna hentar starfseminni svo að nemar kynnist dæmigerðu umhverfi.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi eru viðfangsefni og skipulag námsins kynnt. Farið er yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er háttað. Einnig er farið yfir verkefnaskil ef við á og að nemandi fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast sé til að þeir noti á meðan á námi stendur. Nemandi fara í vettvangsheimsóknir sem eru skipulagðar af verkefnistjóra og eru nýttar til að auka þekkingu.

Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nemandis um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundatafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra.

Nemandi eiga auk þess að fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nemandis og leiðbeinenda. Námssefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nemandis og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nemandis og uppbyggingu náms. Við nám í smíðju hafa nemandi tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nemandis við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemandis og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemandis.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Námsþættir

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smiðju 2-1.1	F- SMID1VS (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2	F- SMID1VE (1)	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3	F- SMID2PS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	72	8	

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMÍÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.1
Viðfangsefni	Innihald smiðju, skipulag, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að kynna nemum markmið námsins, verkferla og verkefni smiðjunnar.

Áhersla er á góðan undirbúning, hugmyndavinnu og skapandi hugsun sem nýtist nemum sem tilvonandi framleiðendum.

Nemar fá tækifæri til að miðla hugmynd(um) sinni að framleiðslu, fyrri reynslu og áhugasviði.

Hópefli og samvinnuverkefni eru nýtt til að byggja upp traust og efla færni í samstarfi og samvinnu. Nemar eru hvattir til að halda trúnað með tilliti til þess að öll deili eigin þekkingu og hugmyndum. Þessi þáttur undirbýr nema fyrir fagmennsku, samstarf og sjálfstæð vinnubrögð.

Hæfniviðmið 2 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- markmiðum og verkefnum smiðjunnar
- hópavinnu og mikilvægi samstarfs innan hópsins
- að velja leið að framleiðsu til að vinna með.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- taka virkan þátt í verkefnavinnu
- miðla eigin hugmyndum til hópsins
- skipuleggja nám sitt.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg vinnubrögð
- koma hugmyndum á framfæri
- nýta verkferla á eigin hugmyndir til framleiðslu.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2-1.2
Viðfangsefni	Framleiðsla matvæla

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að veita nemum fyrstu sýn í framleiðslu á matvælum. Nemar eru undirbúin fyrir fagleg vinnubrögð með lög og reglur fyrir matvælaframleiðslu í huga og hvernig þau geti sótt um framleiðsluleyfi. Fjallað er um skyldur og öryggismál sem þarf að uppfylla áður en sótt er um. Nemar fá innsýn í reglur og viðmið varðandi framleiðslurými, auk þess sem farið er yfir hlutverk vinnu- og heilbrigðiseftirlits. Nemar kynna gæðahandbók sem byggir á þrem megin þáttum; framleiðandinn, framleiðslurýmið og framleiðsluafurð. Meðhöndlun matvæla, hreinlætis- og örverufræði skoðuð með tilliti til framleiðslu á fullunninni vöru. Nemar hanna uppskriftir og reikna næringargildi matar. Nemar hefja vinnu við lokaverkefni. Áhersla er á að nemar tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð.

Hæfniviðmið 2 – 1.2

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- reglugerðum sem lúta að matvælaframleiðslu
- umsóknarferli fyrir matvælaframleiðslu
- hlutverki vinnu- og heilbrigðiseftirlits í tengslum við matvælaframleiðslu
- gæðahandbók við matvælaframleiðslu
- framleiðslu á heilnæmum matvörum.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- að lesa út úr regluverki sem snýr að matvælaframleiðslu
- gera og nota gæðahandbók í tengslum við framleiðslu
- reikna næringargildi út frá mataruppskrift.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sækja um framleiðsluleyfi
- halda öryggismálum í lagi
- uppfylla kröfur heilbrigðis- og vinnueftirlits.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Þrep	2
Vinnustundir	120 (eða 68+52)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.2
Viðfangsefni	Skipulagning, hugmyndavinna og vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að nemar þjálfist í framleiðslu á fullunninni matvöru á neytendamarkað, vinni sjálfstætt, sýni fagleg vinnubrögð, og að veita innsýn í framleiðslu með vettvangsferð til annara framleiðenda til að skoða ólíkar tegundir framleiðslu. Nemar efli skapandi hugsun, útsjónarsemi og þrói hæfni sína í framleiðslu þar sem áherslan er á gott hráefni og heilnæma vöru.

Rætt er um þau atriði sem þurfa að vera til staðar til að geta framleitt matvöru. Staðlota fer fram í vottuðu vinnslurými þar sem væntanleg framleiðsla er hönnuð og framleidd. Þar fá nemar leiðbeiningar um framleiðsluferla og meðhöndlun matvæla með áherslu á eftirlit og eftirfylgni. Nemar þjálfast í að koma auga á og meta áhættu í framleiðsluferlinu og gera áætlun um fyrirbyggjandi ráðstafanir til að draga úr áhættu. Veitt er innsýn í skipulag /skipulagningu vinnslurýmis, umgengni og þrif.

Í staðlotu verður áfram unnið að þróun vöru, uppskrift, innihaldslýsingu næringarefna og gerð merkimiða. Í framhaldi staðlotunnar vinna nemendur sjálfstætt að lokaverkefni. Lokaverkefninu er skilað skriflega í formi heildstæðrar vörulýsingar, frá hugmynd til framleiðslu. Skilin fara þannig fram að nemar taka saman framleiðsluferli, uppskrift og innihaldslýsingu, ásamt því að hanna og skila merkimiða fyrir vöruna.

Hæfniviðmið 2 – 1.3

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- uppsetningu og vinnslufæði í vinnslurými
- framleiðsluferlum í matvælaframleiðslu
- eftirliti og eftirfylgni í framleiðslunni
- notkun framleiðslutækja/ verkfæra.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- setja upp framleiðsluferla
- hanna og útfæra uppskriftir
- gera fyrirbyggjandi áætlanir vegna áhættuþátta
- vinna samkvæmt áætlun við framleiðslu eða þrif
- gera nákvæma innihaldslýsingu fyrir væntanlega framleiðslu.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og öguð vinnubrögð í framleiðslu
- vinna eftir lögum og reglugerðum sem snúa að framleiðslu matvæla
- framleiða heilnæma vöru á neytendamarkað.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Viðauki

Á vefsíðu Samtaka smáframleiðenda matvæla er hægt að nálgast skapalón (e: template) af gæðahandbók sem unnið var af Þórhildi M. Jónsdóttur með styrk frá Matarauði Íslands.

Hér er slóð á [gæðahandókina](#) sem er á vef Samtaka smáframleiðenda (www.ssfm.is).

Skjalið verður uppfært eftir þörfum og verður nýjasta útgáfan alltaf til á vefnum.

Skapalónið er til að auðvelda og veita smáframleiðendum matvæla stuðning við að taka saman efni sem þarf að vera til staðar í gæðahandbók lítilla og meðalstórra framleiðslufyrirtækja. Skapalónið er ætlað fyrir lítil og meðalstór matvinnslufyrirtæki þar sem eftirlitið byggir á innra eftirliti og góðum starfsháttum matvælafyrirtækja.

Hægt er að heimfæra upplýsingarnar, breyta þeim og bæta, til þess að þær falli sem best að hverri vinnslu fyrir sig.

Skapalónið skiptist í þrjá hluta:

- 1) fyrirtækið, vinnslurýmið og framleiðsla á vöru
- 2) fyrirtækið í heild og það húsnæði sem heldur utan um vinnslurýmið
- 3) framleiðslu, áhættuþætti, vinnsluferla og eftirlit framleiðslu.

